

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 225/2018

2021/EES/62/04

frá 5. desember 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2174 frá 20. nóvember 2017 um breytingu á viðauka E við tilskipun ráðsins 92/65/EBE að því er varðar heilbrigðisvottorð vegna viðskipta með býflugur og hunangsflugur ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins kveðið er á um í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 9. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 4.1:

„– **32017 D 2174:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2174 frá 20. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 306, 22.11.2017, bls. 28).“

2. Eftirfarandi er bætt við aðlögunartextann í 9. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 4.1:

„d) Í öðrum undirlið b-liðar færslu nr. II.1 í 2. hluta viðauka E er orðunum „eða Noregur“ bætt við á eftir orðunum „Sambandið“.“

3. Í stað texta 15. liðar í hluta 8.1 (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) kemur eftirfarandi:

„15. **392 L 0065:** Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stjtið. ESB L 268, 14.9.1992, bls. 54), breytt með:

- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtið. ESB C 241, 29.8.1994, bls. 21, sbr. breytingar í Stjtið. ESB L 1, 1.1.1995, bls. 15),
- **395 D 0176:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/176/EB frá 6. apríl 1995 (Stjtið. ESB L 117, 24.5.1995, bls. 23),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 22.11.2017, bls. 28.

- **32001 D 0298:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/298/EB frá 30. mars 2001 (Stjtfð. ESB L 102, 12.4.2001, bls. 63),
- **32002 R 1282:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1282/2002 frá 15. júlí 2002 (Stjtfð. ESB L 187, 16.7.2002, bls. 3),
- **32002 R 1802:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1802/2002 frá 10. október 2002 (Stjtfð. ESB L 274, 11.10.2002, bls. 21),
- **1 03 T:** Lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 16. apríl 2003 (Stjtfð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),
- **32003 R 1398:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1398/2003 frá 5. ágúst 2003 (Stjtfð. ESB L 198, 6.8.2003, bls. 3),
- **32004 L 0068:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/68/EB frá 26. apríl 2004 (Stjtfð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 321), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtfð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 128,
- **32003 R 0998:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 frá 26. maí 2003 (Stjtfð. ESB L 146, 13.6.2003, bls. 1),
- **32007 D 0265:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/265/EB frá 26. apríl 2007 (Stjtfð. ESB L 114, 1.5.2007, bls. 17),
- **32008 L 0073:** Tilskipun ráðsins 2008/73/EB frá 15. júlí 2008 (Stjtfð. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 40), breytt með:
 - **32009 D 0436:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/436/EB frá 5. maí 2009 (Stjtfð. ESB L 145, 10.6.2009, bls. 43),
- **32010 R 0176:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2010 frá 2. mars 2010 (Stjtfð. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 14),
- **32010 D 0270:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/270/ESB frá 6. maí 2010 (Stjtfð. ESB L 118, 12.5.2010, bls. 56),
- **32010 D 0684:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/684/ESB frá 10. nóvember 2010 (Stjtfð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 62),
- **32012 D 0112:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/112/ESB frá 17. febrúar 2012 (Stjtfð. ESB L 50, 23.2.2012, bls. 51),
- **32014 R 0846:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 846/2014 frá 4. ágúst 2014 (Stjtfð. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 5),
- **32013 L 0031:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/31/ESB frá 12. júní 2013 (Stjtfð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 107),
- **32013 D 0518:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/518/ESB frá 21. október 2013 (Stjtfð. ESB L 281, 23.10.2013, bls. 14),
- **32017 D 2174:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2174 frá 20. nóvember 2017 (Stjtfð. ESB L 306, 22.11.2017, bls. 28).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í fyrstu málsgrein 3. mgr. 10. gr. er orðinu „Noregur“ bætt við á eftir orðinu „Svíþjóð“,
- b) Í 10. gr. a. er eftirfarandi undirgrein bætt við:
„Noregi er heimilt að beita sömu ákvæðum og þeim sem gilda um aðildarríkin við sambærilegar aðstæður.“,
- c) Í 2. mgr. 13. gr. er eftirfarandi lið bætt við:
„f. Noregur skal hafa frest til 31. desember 1998 til þess að innleiða ráðstafanir sem kveðið er á um varðandi aðila, stofnanir og miðstöðvar.“,
- d) Í öðrum undirlið b-liðar færslu nr. II.1 í 2. hluta viðauka E er orðunum „eða Noregur“ bætt við á eftir orðunum „Sambandið“.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2174, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.